

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga sam
1	Leikskólinn Borg - Breiðholtsskóli-Bakkaborg-Frístundah.Bakkasel-Félagsm.Bakkinn-Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts-KVAN-Félagsráðgjafad.HÍ-Þjónustum.Breiðholts	Það þarf þorp	Gyða Guðmundsdóttir, leikskólastjóri	Að kortleggja félagslega stöðu hvers barns í skóla- og frístundastarfi Bakkahverfis með verkfæri sem allir starfsmenn skóla- og frístundastarfsins í Bakkahverfi læra að nota. Með því að kortleggja stöðu hvers barns gerir það starfsfólki kleift að vinna sérstaklega með þau börn sem eru útundan og/eða eiga erfitt uppdráttar vegna félagslegra eða annarskonar frávika. Markmið þessarar vinnu er meðal annars að stuðla að því að börn eflist félagslega, trúi á eigin getu, læri að þekkja styrkleikana sína og auki þrautseigju.	8.000.000	Upphaf 2019 og lok 2024	Leik, grunn,frí	4.000.000
2	Leikskólinn Engjaborg-Hólaborg-Sunnufold-HÍ	Flæði og samsetning	Pála Pálsdóttir	Markmið verkefnisins endurspeglar helst áherslu menntastefnunnar á sjálfsefningu og félagsfærni þar sem leikskólustarfarir á að byggja á jafnrétti og virkri þátttöku bana með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Það er kjarni verkefnisins og til að ná þessum markmiðum munum við leggja áherslu á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í upplýsandi fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að virða skoðanir barna og áhrifamátt þeirra við skipulagningu leikskólustarfs og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð og í mati á starfinu.	13.368.000 skiptist á þrjú ár	Upphaf ágúst 2021 og lok 2024	Leik	4.000.000
3	Félgasmiðstöðin Bústaðir og aðrar félgasmiðstöðvar Kringlumýri-Réttarholtsskóli-Jafnréttisskólinn-RannTóm	Kyn- og ofbeldisfræðsla í félgasmiðstöðvum - Fræði og fagstarf	Þórhildur Rafns Jónsdóttir	Til að ná því markmiði að vinnan byggi á þörfum unglínganna er stór hluti verkefnisins samstarf við Benediktu Sörensen/RannTóm um þátttöku í fyrirhugaðri doktorsrannsókn. Þessi fyrsti hluti rannsóknarinnar miðar að því að skoða þær ofbeldisforvarnir- og kynfræðslu sem unglíngarnir sem taka þátt í rannsókninni fá. Upplifun þeirra af fræðslunni og hvaða áhrif þau telja fræðsluna hafa haft. Það er hluti af heildar markmiði doktorsrannsóknarinnar, sem er að kortleggja forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi, á hverju þær byggja og áhrif þeirra.	6.530.000	Sept. 2021 - ágúst 2022	Grunn og frí	4.000.000
4	Fellaskóli-Austurbæjarskóli-Réttarholtsskóli-Mixtúra-HÍ-Riff, Alþjóða kvikmyndahátíð í Reykjavík	Stelpur filma	Inga Björg Stefánsdóttir	Markmið verkefnisins er að víkka út sýn ungra kvenna á kvikmyndamiðilinn, kenna þeim undirstöðuatriði kvikmyndagerðar og kynna þær fyrir kvenkyns fyrirmyndum. Okkar von er að með námskeiðum sem þessum verði til þekkingarsuðupottur sem muna halda áfram að krauma til framtíðar. Auk þess er ætlunin að þeir grunnskólakennarar sem fylgja hópnum læri meira um miðilinn og geti miðlað til annarra ef áhugi er fyrir hendi.	4.700.000	?	Grunn	0

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga sam
5	Gufunesbær-Rimaskóli-Foldaskóli-Víkurskóli-Klébergsskóli-Húsaskóli-Engjaskóli-Hamraskóli-Borgarskóli-Sigyn-Fjörgyn-Vígyn-Höllin-HÍ	Hinsegin-Hinsegin-vænni Grafarvogur og Kjalarnes	Marianna Wathne Kristjánsdóttir	Að efla fræðslu og vitund um hinsegin málefni meðal starfsfólks grunnskóla og félagsmiðstöðva í Grafarvogi. Að efla fræðslu og vitund um hinsegin málefni meðal nemenda á unglingsstigi í Grafarvogi. Að vinna markvisst með hinsegin unglinga í Grafarvogi í skipulögðu hópstarfi með það að markmiði að bæta geðheilsu þeirra, auka félagsfærni og styðja til frekari sjálfseflingar.	8.000.000	Ágúst 2021-júní 2022	Grunn og frí	5.000.000
6	Hlíðaskóli-Dalskóli-Hamraskóli-Borgaskóli-Engjaskóli-Víkurskóli-	Áframhald innleiðingar leiðsagnar-náms í þekkingar-skólum	Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri	Markmið verkefnisins er að námsmenning skólanna sex einkennist af hugmyndafræði og nálgun leiðsagnarnáms og að þeir búi yfir nægri faglegri þekkingu og hagnýtri reynslu til að geta veitt öðrum skólum sem þess óska jafningjastuðning í leiðsagnarnámi.	8.000.000	Ágúst 2021-maí 2022	Grunn	4.000.000
7	Hulduheimar-Borgaskóli	Skólagangan mín (1-12 ára)	Inga Birna Sigurðardóttir	Markmið verkefnisins er að ferilmappa barnsins fylgi barninu frá leikskóla yfir í grunnskóla. Jafnframt að elstu börn leikskólans útbúi söngbók fyrir leikskólann sem fer í ferilmöppu barnsins. Þegar grunnskólaganga hefst verður ferilmappa afhent með viðhöfn þannig að gengið verði í skruðgöngu frá Hulduheimum með ferilmöppu yfir í Borgaskóla og sungin lög úr söngbók. Þannig verður bilið brúað á táknrænan hátt. Skólinn heldur svo áfram að vinna með ferilmöppuna og syngur lögin sem eru í söngbókinni og sér svo um þróunina.	6.000.000	Ágúst 2021-maí 2022	Leik og grunn	0
8	Húsaskóli-Foldaskóli-Engjaskóli-Hamraskóli-Rimaskóli-Klébergsskóli-HÍ íslenskuþorpið-HÍ menntavísindasvið	Vertu velkomin/n í hverfið okkar - Viltu tala íslensku við mig	Katrín Cýrusdóttir	Meginmarkmið verkefnisins er að gera nemendur með íslensku sem annað mál að virkum þátttakendum í skólastarfinu og skólasamfélaginu með því að halda áfram innleiðingu og kennslu nýrra kennsluaðferða í íslensku með öðru máli og að rannsaka árangur verkefnisins skólasamfélaginu til góðs og útbúa kennsluleiðbeiningar, kennslufni og kynningarefni.	6.000.000	Ágúst 2021-júní 2022	Grunn	4.000.000
9	Ingunnarskóli-Selásskóli-Vesturbæjarskóli-HÍ	Austur - Vestur Sköpunar- og tæknismiðjur	Þorgerður Hlökkversdóttir	Snýst um tækni- og sköpunarsmiðjur (e. makerspaces) og innleiðingu þeirra í starf grunnskólanna þriggja. Verkefnið byggir á þátttöku allra kennara við skólana þrjá og er auk þess stutt af rannsóknarteymi á Menntavísindasviði HÍ. Teymið hefur fylgst náið með þróunarstarfinu frá byrjun og mun fylgja þeim athugunum eftir með frekari rannsóknum eftir því sem verkefninu vindur fram.	14.400.000	?	Grunn	4.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga sam
10	Laugasól-Blásalir-Austurbæjarskóli-Miðja máls og læsis, Menntamálastofnun-Námsbraut í talmeinafræði við HÍ	Fyrstu 1000 orðin	Hanna Halldórsdóttir	Fræða starfsfólk leikskóla og foreldra um mikilvægi þess að efla málþroska og tungumálafærni barna (hlustun, málnotkun og tjáningu), efla orðaforða barna á leikskólaaldri, skapa rauðan þráð í orðaforðavinnu allra leikskóla, að starfsfólk og kennarar í grunnskólum fái í hendurnar verkfæri með kennsluleiðbeiningum, efla íslensku og stuðla að virku tvítyngi hjá fjöltyngdum börnum, veita foreldrum verkfæri til þess að styðja við eflingu orðaforða barna og tungumálanám á íslensku og heimamáli/heimamálum, jafna stöðu barna	8.000.000	1.jan 2021 - 1.12.2022	Leik og grunn	4.000.000
11	Norðlingaskóli - Rauðhóll	Tónabrú - tungumála-tónar	Erla Guðrún Gísladóttir	Markmið Tónabrúar er að bjóða upp á fjölbreytt íslenskunám fyrir börn af erlendum uppruna með samþættingu námsgreina. Fern markmið liggja þar undir. Í fyrsta lagi að bjóða nemendum af erlendum uppruna upp á tónlistarnám, í öðru lagi að samþætta tónlistar- og íslenskunám, í þriðja lagi að efla menningarlæsi nemenda og í fjórða lagi að efla sjálfstraust nemenda.	6.100.000	15.ágúst 2021 - 15.júní 2022	Leik og grunn	0
12	Sæmundarskóli - Árbæjarskóli - Ártúnsskóli - Dalskóli - Norðlingaskóli - Ingunnarskóli - Seláskóli -	Saman komumst við lengra	G.Eygló Friðriksdóttir	Að gæta þess að raddir allra í skólasamfélaginu heyrist í innra matinu og þá sérstaklega raddir nemenda. Þeir verða því virkir þátttakendur í skólaþróun í eigin umhverfi. Að gefa starfsfólki grunnskóla í hverfinu tækifæri til vinna saman og styðja hvert annað við að innleiða sameiginlegt innra mat og eflast þannig faglega. Að nýta matið til að sjá styrkleika skólanna og fá þannig tækifæri til að læra hver af öðrum innan hverfis.	8.000.000	Mái 2021 - maí 2023	Grunn	0
13	Víkurskóli - Félagsmiðstöðin Vígyn - Menntavísindasvið HÍ	Próunarverkefni um kennslu í kynjafræði í Víkurskóla	Þuríður Óttarsdóttir	Markmiðið er að valdefla nemendur af öllum kynjum og auka verulega jafnréttisvitund starfsfólks og nemenda. Verkefnið kallast vel á við áherslur í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar um sjálfsefningu, félagsfærni, og heilbrigði. Próunarverkefnið mun vera metið í upphafi og lok tímabilsins og munu niðurstöður m.a. nýtast fyrir aðra grunnskóla til að taka verkefnið upp að hluta eða í heild.	6.500.000	Ágúst 2021 - júní 2023	Grunn og frí	0
14	Fab Lab (Þjónustumiðstöð Breiðhólts/Hólabrekkuskóli) - Fellaskóli - Seljaskóli - FB - Menntavísindasvið HÍ	Skapandir námssamfélag í Efra Breiðholti	Hólmfríður G. Guðjónsdóttir / Þóra Óskarsdóttir	Megin markmiðið er sköpunargleði grunnskólanemenda: að sem flestir fái tækifæri til að nýta hugvit sitt og öðlast verkfærni í gegnum það að koma hugmynd í framkvæmd. Þannig má segja að verkefnið feli í sér valdeflingu nemenda og kennara sem lýsir sér í sjálfsefningu, læsi, félagsfærni og sköpun – mikilvægum grunnstöðum nýrrar menntastefnu borgarinnar.	8.000.000	Júní 2019 - júní 2022	Grunn	4.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga sam
15	Tjörnin - RannTóm HÍ - Frístundamiðstöðvarnar Ársel - Gufunesbær - Kringlumýri - Miðberg - Allar félagsmiðstöðvar í RVK - Samtökin 78 - Fagskrifstofa frístundamála - Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna - Mannréttinda og lýðræðisskr. RVK	Öll sem eitt	Hrefna Þórarinsdóttir	Helsta markmið verkefnisins er að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og unglunga með því að bregðast við aukinni þörf á þjónustu við hinsegin börn og unglunga sem við stöndum frammi fyrir í skólum og félagsmiðstöðvum. • Auka virkni og þátttöku hinsegin barna og unglunga í faglegu frístundastarfi með því að bjóða upp á starf fyrir þau í öruggu umhverfi með vel þjálfuðu starfsfólki. • Styrkja sjálfmynd og stuðla að aukinni sjálfsþekkingu hinsegin barna og unglunga með því að kortleggja hópinn og bjóða upp á sértækt hópastarf fyrir hinsegin börn og unglunga sem þurfa styrkingu. • Auka foreldrasamstarf félagsmiðstöðva við foreldra hinsegin barna og unglunga. • Stuðla að aukinni þekkingu og færni starfsfólks félagsmiðstöðva í starfi með hinsegin börnum og unglungum í félagsmiðstöðvum borgarinnar.	7.687.000	Ágúst 2021 - maí 2022	Frí	4.000.000
16	Íþróttafélagið Fylkir - Rofaborg - Árborg - Blásalir - Heiðarborg - Rauðaborg - Rauðhóll	Heilsuefling leikskólabarna í Árbæjarhverfi	Viktor Steingrímsson / Þórunn G. Björnsdóttir	Með aukinni heilsueflingu er átt við eflingu á ýmisskonar færni (líkamlegri, andlegri og félagslegri) barna. Þau læra árangursrík samskipti við aðra sem er eitt það mikilvægasta í lífi einstaklings. Velliðan barna í námi, leik og starfi er svo auðvitað aðalmarkmið okkar með þessu samstarfsverkefni og markmið allra sem vinna að æskulýðsstarfi. Einnig er markmiðið að fræða börnin um hollt matarræði og heilbrigðan lífsstíl og hvetja þau til reglulegrar hreyfingar.	4.500.000	Haut 2021 - vor - 2022	Leik	4.000.000
17	Leikskólaskrifstofa SFS - Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) - Sólborg - Táknmálssvið Hlíðaskóla - Frístundaheimilið Eldflaugin - Félagsmiðstöðin Gleðibankinn - Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða	Barnabækur fyrir táknmálstalandi börn	Fjóla Þorvaldsdóttir	Markmið verkefnisins er að gera börnum á aldrinum 3-10 ára kleyft að vera hluti af barnamenningunni með því að tryggja aðgang á bókum á móðurmáli þeirra, íslensku táknmáli. Markmið verkefnisins er einnig að gefa út rafrænar táknmálspýddar rafbækur fyrir börn í leikskóla og yngsta stigi grunnskóla.	8.000.000	?	Leik, grunn og frí	0

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Verkefnastj.	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga sam
18	Frístundamiðstöðin Tjörnir- Miðja máls og læsis- Félagsm.Frosti-Félagsm.105- Félagsm.100og1- Gleðibankinn- Menntamálastofnun	Drekar og draumar - er læsi leikur ?	Guðrún Kaldal/Eva Halldóra Guðmundsdóttir	Að auka orðaforða og íslenskukunnáttu barna og unglunga á aldinum 10-16 ára í félagsmiðstöðvunum Frosta í Vesturbæ, 100og1 í Miðborg, 105 og Gleðibankans í Hlíðum í gegnum leik og sköpun. Tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn til starfsmanna og leggja inn fræðilegan grunn þannig að læsi og sköpun aukist og verði hluti af áherslupáttum í óformlegri menntun. Innleiða frístundalæsi á markvissan hátt og nota meðal annars til þess handbókina Frístundalæsi fyrir frístundaheimili http://fristundalaesi.reykjavik.is/ og uppfæra fyrir félagsmiðstöðvar.	4.800.000	Júní 2020-2021	Frí	0
19	Frístundamiðstöðin Tjörnir- Stígamót-Jafnréttisskóli RVK- Menntavísindasvið HÍ, Rannkyn	Tökum samtalið! Klám er ekki kynfræðsla	Eva Halldóra Guðmundsdóttir	Með því að tryggja börnum og unglingum tæki og tól til að þroskast kynferðislega á heilbrigðan hátt erum við að styrkja þau í eigin ákvarðanatöku og hvatningu til ábyrgðar á eigin lífi sem eflir sjálfið, o.fl.	8.000.000	Ágúst 2021-maí 2022	Frí	5.000.000
								50.000.000